

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Skagabyggðar skal, skv. samþykkt nr. 1404/2023 um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði.

Úrgangur frá íbúðarhúsnæði skal flokkaður í 7 flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir grunneiningu þriggja íláta við lögheimili. Grunneiningin samanstendur af ílátum fyrir plastefni, pappír og pappa og blandaðan heimilísúrgang. Til viðbótar skal safna lífrænum úrgangi, gleri, málmum og textíl. Íbúar með fasta búsetu geta fengið moltugerðartunnu hjá sveitarfélaginu til þess að jarðgera lífrænan úrgang. Gleri og málmum verða íbúar að skila í grenndargáma á vegum sveitarfélagsins.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

Tegund íláts	Gjald kr./ílát á ári	Hirðutíðni
Blandaður úrgangur, 140 l tunna	20.228	6 v fresti
Blandaður úrgangur, 240 l tunna	27.594	6 v fresti
Blandaður úrgangur, 360 l tunna	49.856	6 v fresti
Blandaður úrgangur, 660 l tunna	94.323	6 v fresti
Pappírsefni, 140 l	10.484	12 v fresti
Pappírsefni, 240 l	10.887	12 v fresti
Pappírsefni, 360 l	24.800	12 v fresti
Pappírsefni, 660 l	48.387	12 v fresti
Plastefni, 140 l tunna	10.484	12 v fresti
Plastefni, 240 l tunna	10.887	12 v fresti
Plastefni, 360 l tunna	24.800	12 v fresti
Plastefni, 660 l tunna	48.387	12 v fresti

* Sorphirðugjald verður innheimt eftir núverandi kerfi samhliða fasteignaskatti á árinu 2024. Hægt verður að sækja um að skipta um stærðir á tunnum á árinu 2024 en nýtt gjald verður ekki innheimt fyrr en samhliða fasteignaskatti á árinu 2025. Innheimt verður breytingargjald (sjá 3.gr.) þegar óskað er eftir breytingu á skráningu. Einnig er innheimt tunnugjald og útkeyrslugjald við afhendingu nýrra tunna ef skipt er milli stærða.

Komi íbúar sér saman um að heimili megi samnýta ílát er fast gjald 50.000 kr. per lögheimili sem fær leyfi til samnýtingar.

Umsýslugjald vegna breytinga er 3.500 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignaskatti. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Aðrir gjaldaliðir (önnur gjöld).

Allar sorptunna/ílát eru í eigu sveitarfélagsins. Ef sorptunna/ílát skemmist eða hverfur vegna þess að það hefur ekki verið gengið nægilega vel frá því, t.d. undir skýli eða að festingar vantar, verður innheimtur raunkostnaður á hverja tunnu/ílát samkvæmt reikningi frá verktaka.

Sorptunnur/ilát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsettar að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið, sbr. 15. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023.

Tunnugjald/ilátagjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna/iláta og ef skipt er milli stærða. Sé tunnu/iláti skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna/ilát tekið upp í nýja án endurgjalds, enda sé hún óskemmd.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu er 3.500 kr. í hvert sinn sem óskað er breytinga. Á þetta við um breytingu á ílátum/tunnum, viðbótarilát eða breytta skráningu svo sem eins og samnýtingu á tunnum/ilátum.

4. gr.

Íbúðarhús án lögheimilisfesti og sumarhús/frístundahús.

Gjald fyrir íbúðarhús án lögheimilisfesti og sumarhús/frístundahús sem ekki hafa grunneiningu sorpiláta, heldur aðgang að grenndarstöð er 29.040 kr. fyrir meðhöndlun úrgangs.

5. gr.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpurðunargjalds skv. 2. gr. skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjöld fyrir meðhöndlun og urðun úrgangs í Skagabyggð er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign án tillits til eigendaskipta. Gjöldin njóta lögveðsréttar í fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Innifalin í gjaldinu er móttaka á öllum 7 flokkum heimilisúrgangs í þar til gerð söfnunarilát á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skagabyggðar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 76/2024.

Gjaldskrá þessi miðast við vísitölu neysluverð í desember 2023 og er 608,3 stig og uppfærast samkvæmt breytingum ár hvert, fyrst í janúar 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn Skagabyggðar, 22. mars 2024.

Erla Jónsdóttir oddviti.